

**626. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 26. desember 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ) og Lilja Magnúsdóttir (LM).

Fundargerð ritaði: Lilja Magnúsdóttir, Oddviti

Aðalfulltrúinn Jón Ingi Jónsson boðaði forföll og ekki tókst að boða varamann í hans stað.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 626 lögmætan.

Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri er í fríi og ritar oddviti því fundinn.

Dagskrá:

1. Íslenskur ungmennafulltrúi á Sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins 2024 - 2312067

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 15.12.2023 varðandi ungmennafulltrúa Íslands á Sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins 2024.

Lagt fram

2. Framkvæmdaráð Earth Check - 2312080

Fundargerð fundar framkvæmdaráðs Earth Check sem fór fram 18.12.2023.

Lagt fram

3. Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 2023 - 2302017

Fundargerð 145. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis sem fór fram 14.12.2023 ásamt fylgiskjölum.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur undir bókun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi vegna skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum þar sem gerðar eru verulegar athugasemdir við skýrslu starfshópsins.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:15.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)